

*Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði*

**Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags**

2. fundur

Mánudaginn 3. september kl. 16.00 á hafnarskrifstofunni

*Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Karólína Helga Símonardóttir og Lúðvík Geirsson.*

- 1) Greint frá undirbúningsvinnu vegna samninga við teiknistofurnar í Svíþjóð og Hollandi varðandi frekari útfærslu á vinningstillögum. Guðrún og Þormóður halda utan um þá vinnu.
- 2) Nefndin telur mikilvægt að hefja samráðferli við lóðarhafa á skipulagssvæðinu hið fyrsta. Rætt um fyrirkomulag kynningarfunda. Ákveðið að halda þrjá fundi um hinu einstöku svæði: Flensborgarhöfn, Óseyrarsvæði og Fornubúðir. Fundirnir verða fimmtudaginn 13. september n.k. í fundarsal bæjastjórnar Apótekinu og hver þeirra stendur í 1.5 klst. Fyrsti fundur kl. 13.00 síðan 15.00 og sá síðasti kl. 17.00. Farið verði yfir vinnuferli við gerð rammaskipulags og samráðsferli og leitað eftir ábendingum og tillögum frá lóðarhöfum um vinnu og útfærslu á skipulagssvæðinu.

Lúðvík lagði fram lista yfir lóðarhafa og mun senda út skriflegt fundarboð til þeirra. Lagt til að Guðrún Guðmundsdóttir arkitekt taki saman efnispunkta og niðurstöður af umræðum á fundunum.

- 3) Næsti fundur samráðsnefndar verður í Apótekinu þann 13. september n.k.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50  
LG ritaði fundargerð